

Skýrsla stjórnar

á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins 23. maí 2022

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Velkomin á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins, bæði þið sem hér sitjið og þið sem fylgist með í streymi.

Hlutverk lífeyrissjóða er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, hlutverk sem við sem stjórnum lífeyrissjóða og vinnum með málefni þeirra tökum alvarlega og vinnum eftir. Hagsmunir sjóðfélaga eru mismunandi og ljóst að það sama passar ekki öllum. Sérstaða Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur löngum verið vilji til að koma til móts við þarfir sem flestra, það sést meðal annars með því framboði á valkostum sem sjóðfélagi hefur aðgang að.

Í séreignardeild sjóðsins eru fjórar misáhættumiklar fjárfestingarleiðir sem sjóðfélagar geta valið til viðbótar við val um sjálfvirka færslur samkvæmt ævilínu, auk þess sem þeir geta valið milli tveggja skyldusparnaðarleiða þar sem lágmarksíðgjöld skiptast með mismunandi hætti í séreign og samtryggingu. Önnur býður upp á mestan sveigjanleika við útgreiðslu en hin upp á mestan erfanleika. Sjóðfélagi getur breytt um skyldusparnaðarleið og fjárfestingarleið hvenær sem er

Allar fjárfestingarleiðirnar skiluðu sjóðfélögum góðri ávöxtun árið 2021, allt frá 7,4% til 20,7% nafnávöxtun sem jafngildir 2,5% til 15,1% raunávöxtun. Ánægjulegt er að geta þess að ávöxtun Frjálsa áhættu var sú hæsta frá stofnun leiðarinnar árið 2008.

Í kynningu á ársreikningi ársins 2021 hér á eftir verður nánar farið yfir ávöxtun sjóðsins og ávöxtun það sem af er ári ásamt lykiltölum.

Valfrelsi sjóðfélaga er eitt af því sem hefur einkennt Frjálsa gegnum tíðina og sjóðfélagar virðast kunna að meta því þeim fjölgar jafnt og þétt þrátt fyrir að aðild að sjóðnum sé frjáls. Í anda Frjálsa lífeyrissjóðsins er það því okkur mikil ánægja að geta á þessum ársfundi komið til móts við sem flesta sjóðfélaga þegar kemur að kosningu aðalmanna í stjórn. Í fyrsta sinn geta sjóðfélagar valið um hvort þeir nýti sér rafræna kosningu, sem lauk í gær eftir að hafa verið opin í viku, eða komið hingað á staðinn, hlustað á frambjóðendur og aðra sjóðfélaga og kosið.

Meðalævin lengist

Ein helsta áskorun sjóðsins eru auknar lífslíkur þjóðarinnar en meðalævilengd fer hækkandi. Þetta þýðir að ellilífeyrir úr tryggingadeild, sem er greiddur til æviloka, er að meðaltali greiddur lengur til hvers sjóðfélaga en hingað til hefur verið stuðst við söguleg gögn í fortíð við mat á áætlaðri ævilengd.

Í desember 2021 staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknigrunnns um lífslíkur byggt á áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni. Þessi tillaga felur í sér veigamikla breytingu á mati á skuldbindingum milli mismunandi aldurshópa. Spáin gerir ráð fyrir að lífslíkur hvers fæðingarárgangs séu mismunandi og að lífslíkur fari vaxandi með hækkandi fæðingarári. Þar sem tillagan felur í sér veigamikla breytingu hjá lífeyrissjóðum á mati skuldbindinga milli mismunandi aldurshópa hefur lífeyrissjóðum verið gefinn tími til ársins 2023 til að innleiða breyttrar forsendur um lífslíkur.

Frjálsi ákvað að taka upp hinn nýja reiknigrunn við tryggingafræðilega athugun miðað við lok árs 2021 sem leiðir til hækkunar skuldbindinga og þar með versnar tryggingafræðileg staða sjóðsins. Tryggingafræðilega staðan er samt sem áður innan þeirra marka sem lög kveða á um. Hinsvegar þarf að bregðast við hinum nýju forsendum með mótvægisáðgerðum og í ljósi þess að hlutfall framtíðariðgjalda og framtíðarréttinda er neikvætt um 17%, og veldur því að heildarstaðan er neikvæð um 9,2%, er ljóst að hækka þarf þann hluta skylduiðgjalds sem ráðstafað er í samtryggingu og aðlaga réttindatöflur til að koma á jafnvægi á framtíðarstöðu sjóðsins. Eignir umfram áunnar skuldbindingar eru aftur á móti jákvæðar um 0,1%. Þetta verkefni er eitt af stærstu málum sem hefur komið inná borð stjórnar lífeyrissjóða



og með það í huga hefur stjórn Frjálsa ákveðið, eins og fleiri lífeyrissjóðir, að gefa sér tíma til að fara rækilega ofan í hvernig best sé að innleiða mótvægisáðgerðir með hagsmuni sjóðfélaga í fyrirrúmi og stefnt að því að það verði gert á aukaársfundi í haust. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins mun hér á eftir gera nánari grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Árið í skugga COVID-19

Heimsfaraldur COVID-19 og þær takmarkanir sem fylgdu faraldrinum héldu áfram að setja sitt mark á hagkerfi heimsins. Þrátt fyrir mikla óvissu um hvernig faraldurinn myndi þróast batnaði hagvöxtur verulega frá 2020 og atvinnuleysi minnkaði hraðar en von var á. Stýrivextir Seðlabankans voru í lágmarki í upphafi árs 2021 en í maí hófst vaxtahækkunarferill sem stendur enn.

Sveiflur á mörkuðum lituðust af stöðu faraldursins hverju sinni á síðasta ári en aukin bólusetning, samstaða og bjartsýni í baráttunni við Covid-19 hafði jákvæð áhrif á markaði víðast hvar.

Í ár glímum við við aðrar hörmungar sem innrás Rússa í Úkraínu eru. Afleiðingar innrásarinnar eru margvíslegar ekki aðeins bein efnahagsleg áhrif á heiminn heldur fyrst og fremst þær hörmungar sem felast í mannfalli, örkumlun, eyðileggingu og fólksflóttu. Veruleiki sem við áttum ekki von á í næsta nágrenni við okkur.

Hrein eign og stækkun

Sjóðfélagar Frjálsa eru um 64.350 og fjölgaði þeim um rúmlega 2.200 á árinu 2021. Stærð sjóðsins um áramót var 402 milljarðar og jukust eignir hans um 68 milljarða á milli ára. Árið 2021 völdu 23.058 sjóðfélagar að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Frjálsi er fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins.

Fjárfestingar- og hluthafastefna

Frjálsi hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni.

Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum. Einnig hefur sjóðurinn sett sér hluthafastefnu sem markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar Frjálsa er hægt að kynna sér á heimasíðu sjóðsins.

Frá afnámi gjaldeyrishafta 2016 hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn lagt áherslu á að auka hlutfall og dreifingu erlendra eigna og draga úr vægi innlendra eigna á móti. Í fjárfestingarstefnu fyrir 2022 er þessari vegferð haldið áfram að undanskilinni þeirri leið, Frjálsa 3 þar sem eingöngu er fjárfest í innlendum skuldabréfum og innlánnum.

Ábyrgar fjárfestingar

Árið 2021 skrifaði Frjálsi ásamt 12 íslenskum lífeyrissjóðum undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC). Þar með lýsti sjóðurinn yfir vilja sínum til að ráðstafa samtals um 300 milljónum bandaríkjadala (um 37 milljarðar króna) í fjárfestingar sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Frjálsi bættist þar með í hóp 13 íslenskra og fjölda norrænna lífeyrissjóða sem gefið hafa út sambærilegar yfirlýsingar á síðustu árum. Markmið samtakanna með yfirlýsingunni er að stuðla að aukinni fjárfestingu í hreinni orku og öðrum umhverfislausnum, svo sem nýtingu jarðhita, vindorku, sólarorku, bættrar orkunýtingar í byggingum og bættri tækni við flutning raforku.

Aðalmarkmið að baki hugmyndafræði ábyrga fjárfestinga er að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið, félagslega þætti og stjórnarhætti, (UFS e. ESG) draga úr áhættu og skila sjálfbærri langtímaávöxtun



Mikil eftirspurn er eftir lausnum á þessu sviði og því er margt sem bendir til að fjárfestingar í umhverfisvænum lausnum geti skilað góðri langtímaávöxtun.

Síðustu misseri hefur eignastýringaraðili fyrir hönd sjóðsins stigið frekari skref í greiningu á eignasafni sjóðsins. Meðal annars hefur verið lagt mat á kolefnisfótspor beinnar eignar í innlendum skráðum félögum og hlutfall grænna fjárfestinga í eignasafni sjóðsins áætlað.

Sjóðfélagalán

Frjálsi heldur áfram að auka þjónustu við sjóðfélaga þegar kemur að veitingu lána. Hámarksfjárhæð einstaklinga, hjóna eða sambúðarmaka var hækkuð á árinu úr 40 milljónum í 70 milljónir.

Sem fyrr geta sjóðfélagar tekið verðtryggð lán með föstum vöxtum og óverðtryggð lán til endurfjármögnunar eða í öðrum tilgangi en að fjármagna kaup eða byggingu á íbúðarhúsnæði. Þessi breyting hefur mælst vel fyrir og kappkostar sjóðurinn að vera með samkeppnishæfa vexti á lánunum. Öll lán eru án uppgreiðslugjalds.

Samþykktarbreytingar

Fyrir fundinum liggja tvær tillögur um samþykktarbreytingar frá stjórn. Önnur er skilgreining á maka – og barnahugtakinu og hin er um tilhögun lífeyrisgreiðslna.

Nánar verður farið í samþykktarbreytingar hér á eftir sem og rökstuðning fyrir þeim.

Stafræn þróun

Framtíðarsýn Frjálsa er að vera einn af öflugustu lífeyrissjóðum landsins, fremstur í ávöxtun, þjónustu og í stafrænni forystu. Með stafrænni forystu er átt við að Frjálsi sé leiðandi í að beita stafrænum lausnum í margvíslegri þjónustu og samskiptum. Segja má að Covid faraldurinn hafi flýtt allri þróun þegar kemur að stafrænum lausnum en þó svo að tækninni fleygi fram þá verðum að passa að mannlegi þátturinn er enn mikilvægur sjóðfélögum Frjálsa.

Það að Frjálsi sé í Arion appinu og þar sé auðvelt að hafa heildstæða sýn yfir lífeyrissparnað á einfaldan og skýran hátt er það enn svo að þeir sem vilja upplýsingar um töku lífeyris og hvernig eigi að skipuleggja starfslok vilja enn helst fá að tala við ráðgjafa. Frjálsi býður enn uppá staðfundi með sjóðfélögum en einnig er hægt að bóka fjarfundi með ráðgjafa eða hefja netspjall. Þjónustuleiðir Frjálsa taka mið af fjölbreytileika sjóðfélaga og mismundandi þörfum.

Lífeyriskerfið

Eitt af því sem hefur þótt ámælisvert við lífeyriskerfið er hversu flókið það er. Aukið flækjustig torveldar fólki að skilja lífeyriskerfið, gerir sjóðfélögum erfiðara um vik að taka ákvarðanir um ráðstöfun og útgreiðslu sparnaðarins, skaðar ímynd lífeyriskerfisins og dregur almennt úr áhuga fólks á lífeyrissparnaði. Þetta eru meðal athugasemda Frjálsa við frumvarp sem var lagt fram á Alþingi í apríl 2021 um breytingar á lögum um lífeyrissjóði en frumvarpið er lagt fram með að tilstuðlan SA og ASÍ.

Með frumvarpinu voru lagðar til mestu breytingar á réttindakafla laga um lífeyrissjóði frá því að núverandi lög voru samþykkt árið 1997. Ef frumvarpið hefði orðið að lögum hefði meðal annars fyrirkomulagi lífeyrisréttinda tuga þúsunda sjóðfélaga verið raskað, útborgunarreglur séreignar þrengdar og flækjustig aukið. Frjálsi lagði til í athugasemdum sínum meðal annars að lögfestingu frumvarpsins verði frestað og efni þess tekið fyrir í fyrirhugaðri vinnu stjórnvalda við grænabók um lífeyriskerfið en stjórnvöld hafa boðað að hefja stefnumörkun í lífeyrismálum í nánú samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og Landsamtök lífeyrissjóða. Stefnt er að því að afrakstur þess samstarfs verði grænabók um lífeyrismál. Vegna skorts á samráði og fjölmargra athugasemda hagsmunaaðila við frumvarpið vísaði efnahags- og viðskiptanefnd frumvarpinu aftur til stjórnvalda síðastliðið vor. Í mars á þessu ári voru drög að frumvarpinu lögð fram á ný í samráðsgáttina með litlum breytingum frá því frumvarpi sem var lagt fram í fyrra. Enn og aftur eru virtar að vettugi athugasemdir meirihluta hagsmunaaðila, sem lögðu fram umsagnir um frumvarpið í fyrra. Í þessum athugasemdum bentu þeir á að hinum nýju lagaákvæðum fylgdu aukið flækjustig, dýrara lífeyriskerfi og skerðing á valfrelsi sjóðfélaga. Ljóst er að ef frumvarpið



verður að lögum myndi það raska með neikvæðum hætti lífeyrissparnaði tuga þúsunda sjóðfélaga, þar með talið sjóðfélaga Frjálsa.

Gagnsæi í upplýsingagjöf og útvistun reksturs

Frjálsi hefur á undanförunum árum lagt aukna áherslu á gagnsæi og betri upplýsingargjöf til sjóðfélaga og hefur til þess notað vefsíðu sjóðsins frjalsi.is. Rekstrarsamningur sjóðsins við rekstraraðila, Arion banka er birtur þar, framkvæmd hluthafastefnu, sundurliðun á einstökum fjárfestingum og umfjöllun um sérhæfðar fjárfestingar sjóðsins. Á vefsíðunni er að finna lykilupplýsingar um kostnað, viðskipti við verðbréfamiðlanir og fjárfestingar tengdar rekstraraðilanum Arion banka.

Með auknu aðgengi og flæði upplýsinga er sjóðfélögum gert kleift að kynna sér starfsemi Frjálsa og þá valkosti sem sjóðurinn býður upp á. Enn fremur er það von Frjálsa að þessar upplýsingar hafi reynst sjóðfélögum til gagns og séu upplýsandi fyrir bæði núverandi og tilvonandi sjóðfélaga.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá stofnun 1978 barist fyrir valfrelsi almennings í lífeyrismálum og verið öllum opin sem séreignarsjóður og opin valkostur fyrir þá sem búa við það frelsi að geta valið sér lífeyrissjóð til að greiða skylduiðgjöld í. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í rekstri hjá fjármálafyrirtæki. Það er mat stjórnar að rekstrarfyrirkomulag sjóðsins hefur átt stóran þátt í þeirri velgengni sem sjóðurinn hefur notið allt frá stofnun.

Hinsvegar er það einnig mat stjórnar að mikilvægt sé að á því liggja enginn vafi að sjóðurinn sé sjálfstæður og samband hans við rekstraraðila sé aðeins byggt á faglegum grunni til þess föllum að tryggja hagsmunum sjóðfélaga framfarir öllu öðru. Rekstrarsamningur sjóðsins er í sífelldri skoðun með það að markmiði að hagræða, auka þjónustu og lækka kostnað.

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, oftast ef þurfa þykir.

Góðir fundargestir, mig langar að þakka ykkur traustið sem þið hafa sýnt sjóðnum í gegnum tíðina. Það er von mín að þeir sem ákveða að velja Frjálsa sem sinn lífeyrissjóð geri það vegna þess að Frjálsi hefur sýnt góða ávöxtun, veitir góða þjónustu og gefur sjóðfélögum færi á að flytja sig ef þeir eru ekki ánægðir.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn stendur fyrir frelsi, frelsi til að vera sjóðfélagi í sjóðnum, frelsi til að ráðstafa lífeyrissparnaði sínum milli samtryggingar og séreignar og frelsi til að velja fjárfestingarleið.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári, framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni fyrir samstarfið og starfsfólki Arion banka sem allt vinnur af heilindum fyrir sjóðinn þakka ég ánægjulegt og gefandi samstarf. Einnig vil ég nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakki fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður stjórnar